

- Sæki ég illa að þér vinan?
- Nei, nei, ég var bara að vakna.
- Amma var í símanum og var hissa á að ég væri ekki komin á fætur klukkan að verða ellefu. Ég sagði henni að ég hefði spjallað lengi við Lindu kvöldið áður.
- Það er best að vera sáttur við alla, sagði hún og þá vissi ég að pabbi hefði sagt henni allt.
- Talaðirðu við pabba?
- Hann kemur hérna stundum. Pabbi þinn er ansi duglegur. Þú fylgist náttúrlega með.
- Nei, eiginlega ekki. En ég ætla að heyra í honum bráðlega.
- Ertu þá ekki búin að lesa nýjustu greinina eftir hann?
- Nei.
- Þú finnur hana á netinu en ég er svo sem búin að klippa hana út. Ég er að safna ýmsu

áhugaverðu saman og ætla að senda þér. Ertu dugleg að lesa á íslensku?

- Já.
- Það eru fleiri bækur á leiðinni, ég fór á bókamarkaðinn.
- Takk, amma, ég er samt með fullt.
- Þú mátt vera stolt af honum pabba þínum. Hann ögrar þessum vitleysingum.
- Hverjum?
- Nú, þessum mönnum sem vilja eiga allt og stjórna öllu.
- Ókei, sagði ég og fékk smá samviskubít yfir að vita ekki meira um það sem pabbi var að skrifa.
- Ég er búin að segja pabba þínum að ef stöðva þurfi stórar vinnuvélar, þá megi binda mig við þær. Hálfdað er ég hvort sem er.
- Ég glaðvakaði. Amma hélt áfram að tala í miklum æsingi um náttúru Íslands. Hún var svo æst að ég að óttaðist að hún fengi aðra heila-blæðingu<sup>92</sup> ef hún héldi áfram og spurði þess

92 Heilablæðing er þegar lítil æð í heilanum springur eða rofnar og það blæðir inn á heilann.

vegna hvort hún ætlaði ekki bráðum að koma í heimsókn til okkar.

— Ja, ekki á meðan pabbi þinn er á kafi í þessari baráttu með fullri vinnu. Ég vil endilega gefa mömmu þinni tækifæri til að koma sér almennilega fyrir. Þú veist hvað ég þoli óreiðu<sup>93</sup> illa.

— Það er nú ekki eins og hann sé eitthvert smábarn.

Þá fór amma að tala um annað.

— Ertu að aðlagast nýja landinu, Hrafnhildur mín?

— Ég er að kynnast umhverfinu og svona, já, og búin að eignast hjól.

— En einhverja vini, elskan?

— Já, eina vinkonu.

— Yndislegt að heyra, elskan. Verðið þið í sama skóla? Kannski í sama bekk?

— Nei, reyndar ekki.

— Jæja, en þið getið vonandi brallað eitthvað saman.

— Örugglega.

— Ég sendi þér bækurnar bráðum.

93 Óreiða er þegar hlutirnir eru ekki á sínum stað.

— Takk, amma, annars þarf ég að einbeita mér að þýskunni.

— Ég er með nokkrar uppskriftir og ljóð eftir unga höfunda sem ég ætla að senda þér. Mikið væri gaman ef þú sjálf yrðir rithöfundur.

— Ha, ég?

— Þú spáir í það seinna, en vertu áfram dugleg að halda dagbók.

Síðan kvöddumst við.

Stuttu síðar hringdi dyrabjallan. Ég druslaðist fram á stigapallinn í náttfötunum. Mamma stóð í forstofunni og var eitt spurningamerki í framan. Við hlið hennar stóð Heidi brosandi og hélt á girnilegri kirsuberjaköku.

— Þessi kona, Heidi, hún er komin með þessa köku til þín. Þið þekktist víst?

Ég gekk niður.

— Þú hefur kannski hárlitinn frá pabba þínum en ég sé vel hvaðan þú hefur glæsileikann, sagði Heidi á ensku.

Mamma horfði til skiptis á okkur og kökuna, steinhissa. Af svipnum að dæma mátti halda að

kakan hefði dottið ofan af himni og beint í fangið á henni.

— Mamma, Heidi er sko nágranni okkar sem ég hitti í gær, sagði ég. — Ætlaðu ekki að bjóða henni inn fyrir? Við getum kannski fengið okkur köku saman.

Ég leit ögrandi á mömmu sem flúði strax inn í eldhús. Heidi rétti mér rjóma og brosti.

— Ég þarf að fá skýringar á þessu síðar, sagði mamma á meðan hún þeytti rjómann.

Með fallegu flugfrefjubrosi leit hún til Heidiar sem var lögst á gólfíð og farin að kubba með stelpunum.

— Er svona yfirleitt í lagi með þessa konu? spurði hún.

— Ert þú í lagi? Gengur einhver annar en þú í svörtu frá toppi til táar hérna í bænum?

Fyrstu setningarnar við borðið voru stíðar og vandræðalegar en um leið og mamma fékk skýringar á því hvernig ég hitti Heidi, varð allt svóltið afslappaðra.<sup>94</sup>

— Þú varst sko nýsofnuð þegar ég kom, sagði ég.

94 Afslappaðra þýðir rólegra.

Mamma leyfði sér að borða kökuna og samþykkti að fara með Heidi á flóamarkaði<sup>95</sup> sem kom mér á óvart.

En svo þurfti mamma endilega að nota tækifærið og spyrja um þessa tvo skóla sem hún var búin að finna á netinu áður en við komum út. Heidi mælti með Realschule því þar væru mun fleiri innflytjendur. Mamma hélt að Heidi hefði misskilið sig.

— Það er svo þroskandi fyrir fólk af ólíkum uppruna að kynnst vel og tengjast vinaböndum,<sup>96</sup> sagði Heidi brosandí.

Mamma varð hræðilega vandræðaleg á svip.

— Algjörlega, sagði ég og sparkaði í mömmu undir borðinu.

— Já, einmitt, sagði mamma og reis á fætur til að ganga frá.

Þegar Heidi var farin sagði mamma að það kæmi ekki til greina að senda mig í innflytjendaskóla.

— Já, en ég er innflytjandi.

95 Flóamarkaður er staður þar sem hægt er að kaupa notaða hluti.

96 Að tengjast vinaböndum þýðir að eignast vini.

- Nei, það ertu sko aldeilis ekki, góða.
- Jú, ég var að flytja inn til landsins. Ég er nýflutt til Pýskalands, alveg eins og þetta fólk.
- Ekki frá þróunnarríki<sup>97</sup> eða styrjaldarsvæði,<sup>98</sup> elskan, heldur frá þróuðu Evrópulandi. Það er einfaldlega allt annað.
- Af hverju?
- Þú hefur ekki gengið í gegnum það sem þetta fólk hefur orðið að þola.
- Áttu við að ég sé þá óþroskaðri?
- Æ, góða, láttu ekki svona! Þetta fólk er mjög ólíkt okkur, Hrafnhildur! Og þar að auki hefur það kannski ekki gengið í skóla svo árum skiptir.
- Skóla lífsins samt.
- Æ, hættu nú!
- Mig getur samt alveg langað til þess að kynnast þessu fólki. Það er ekki eins og það sé eitthvað hættulegt!
- Það verður þá bara sinna og eftir öðrum leiðum. Þú græðir langmest á því að fara í skóla þar sem allir tala almennilega þýsku. Þegar þú

97 Þróunnarríki er orð sem notað er um fátæk lönd sem ekki eru jafn tæknivædd og mörg vestræn lönd.

98 Styrjaldarsvæði er staður (oft lönd eða ríki) þar sem er stríð.

- ferð áfram í háskóla kynnistu þeim sem hafa komið sér vel áfram.
- Kannski langar mig ekki einu sinni í menntaskóla.
- Hrafnhildur, byrjaðu nú ekki eina ferðina enn.
- Má ég ekki segja það sem ég meina?
- Hrafnhildur, það fara allir í menntaskóla á Íslandi núorðið.<sup>99</sup> Ég veit vel að þetta getur verið erfitt í byrjun en ég hef fulla trú á að þú standir þig vel.
- Í bestu skólunum fyrir þýska nörd,<sup>100</sup> meinarðu?
- Viltu ekkert á þig leggja til að standa þig vel?
- Nei, ég hef engan áhuga á að standa mig vel og ég hafði engan áhuga á að flytja hingað út. Þú veist vel að ég vildi bara vera hjá þabba. Hér er ekkert nema gamalt fólk.
- Nú ertu í þessu landi, Hrafnhildur og hefur það bara ansi gott, með næststærsta herbergið í

99 Núorðið þýðir núna, eða á okkar tímum.

100 Nörd er stundum notað um fólk sem finnst gaman að læra eitthvað ákveðið eða gengur mjög vel í skóla.

húsinu og nýtt hjól, í þessu dásamlega umhverfi og ...

— Heyrirðu virkilega ekki hvað ég er að segja?! öskraði ég.

— Getum við tekið þessa umræðu í rólegheitunum? sagði mamma og lokaði augunum.

Tvíburarnir komu þjótandi og föðmuðu mömmu sem hafði gripið fyrir andlitið. Ég gekk grátandi upp í herbergið mitt og steinsofnaði um hábjartan dag.

Þegar Tryggvi vakti mig hafði ég greinilega sofð í nokkra tíma. Hann bað mig um að koma fram til að borða kvöldmat en ég sagði bara:

— Láttu mig í friði.

— Mér datt í hug, Hrafnhildur mín, að við gætum rætt saman. Ég frétti að þú og mamma þín hefðu verið að rífast.

— Skiptu þér ekki af því!

— Það er erfitt að gera það ekki, vinan.

— Af hverju sendið þið mig ekki heim?

— Við viljum hafa þig hér því okkur þykir vænt um þig. Stelpunum líka.

Það getur verið ótrúlega erfitt að heyra að einhverjum byki vænt um mann þegar maður er sár og reiður, sérstaklega þegar maður heyrir það frá stjúpabba sínum í fyrsta sinn. Ég fékk kökk í hálsinn<sup>101</sup> en náði þó að segja:

101 Að fá kökk í hálsinn er þegar maður finnur hnút í hálsinum og er næstum grátandi.

- Getur þú látið mig í friði?  
 Þá hélt ég að hann myndi skamma mig en hann sagði bara:
- Við erum búin að elda og bíðum eftir þér svo við getum borðað saman.
- Við borðuðum kvöldmatinn í þrúgandi þögn.<sup>102</sup> Ég sá að mamma hafði grátið. Þegar Tryggvi fór inn að lesa fyrir stelpurnar sagði mamma:
- Hrafnhildur mín, ég sé alltaf eftir að hafa ekki klárað stúdentinn.<sup>103</sup> Kannski er ég of hörð við þig þess vegna.
- Ég skal reyna að skilja það, sagði ég.
- Ég er örugglega ekki nógu dugleg að segja þér hvað mér þykir vænt um þig, fyrirgefðu það, elskan. Ég er virkilega stolt af þér.
- Við getum alveg byrjað á að skoða þennan blessaða menntaskóla, sagði ég.
- Það er ekki nauðsynlegt, sagði mamma en ég tók eftir voninni.
- Við getum alveg skoðað þennan skóla.  
 Aftur kom þögn.

102 Þrúgandi þögn er erfið, stuðandi og þung þögn.

103 Stúdentinn merkir hér stúdentspróf, en það er lokapróf úr framhaldsskóla og undantfari háskólanáms.

- Má ég fá mér köku? spurði ég svo.
- Endilega, sagði hún, — annars klára ég hana, og nú brosti hún.
- Takk, mamma, mér þykir líka vænt um þig, sagði ég og fór með kökuna upp í herbergi til mín.
- Tveimur dögum seinna fórum við mamma að skoða þennan menntaskóla. Við fengum viðtal við Frau Hochwald, konu um sextugt, í hvíttri skyrtnu og drapplitu pilsu, með hárið greitt í hnút. Hún var berfætt í sandölum og með lítið fiðrildatattu við ökklaun. Hún heilsaði okkur á þýsku en mamma svaraði á ensku. Það kom skrýttinn svipur á Frau Hochwald sem skipti yfir í lélega ensku.
- Af hverju fluttuð þið hingað út? Kom eitthvað upp á?
- Nei, nei, sagði mamma. — Maðurinn minn, hérna ...
- Til að komast inn í þennan skóla þurfa nemendur að kunna þýsku. Þannig að, bætti hún við og andaði mæðulega frá sér, — staðan er einfaldlega sú að ...

— Hrafnhildur kann mjög góða íslensku, greip mamma inn í.

Mig langaði til að skríða undir borð, ég trúði varla eigin eyrum.

— Það er alltaf gott að kunna sitt móðurmál en hér nýtist það lítið, sagði sú þýska og ýtti sér lengra frá borðinu.

— Eruð þið með inntökupróf?<sup>104</sup> spurði mamma.

— Því miður, sagði Frau Hochwald og stóð á fætur. — Leyfið mér að fylgja ykkur yfir götuna, þar er skóli sem passar fyrir dóttur þína.

Við eltum Frau Hochwald eins og hundar í bandi.

— *Willkommen*, sagði ritarinn og brosti eitt áugnablík.

Við fengum viðtal við skólastjóran, Herr Schmidt. Hann varð hissa þegar mamma bað um að tala ensku.

Mamma passaði sig á að segja að ég væri góður nemandi og kannski var það þess vegna sem hann samþykkti að ég kæmist inn í skólann.

104 Inntökupróf er próf sem þarf að taka til að komast í eftirsóttu skóla.

— Hún fær aðstoð við þýskunámið í skólanum til að byrja með. Það er mjög mikilvægt að hún læri þýsku, sagði Herr Schmidt alvarlegur.

— Að sjálfsgöðu, við erum bara nýflutt og ...

— Það skiptir miklu máli, afar miklu máli að foreldrar séu börnum sínum góð fyrirmynd.

Mamma reyndi aftur að komast að:

— En málið er að ...

— Við byrjum eftir viku og fyrir þann tíma þarf að vera búíð að ganga frá skráningu hjá bæjarskrifstofunni. Svo sagði hann mömmu að allir fundir yrðu á þýsku nema sótt væri sérstaklega um túlkun á annað tungumál.

Svo stóðum við allt í einu tvær á risastórri skólalóð fyrir utan gráa skólabyggingu með mörgum frönskum gluggum. Ég var fegin en fannst ég samt líka algerlega misheppnuð.

— Fyrirgefðu, sagði ég af því mér fannst ég þurfa að segja eitthvað.

— Það er ekkert að fyrirgefa, elskan, sagði mamma og saug upp í nefið.

— Ég vildi að ég væri klárari ... og duglegri, allavega betri námsmaður.

- Þú ert miklu klárari en ég, Hrafnhildur mín.  
Mamma tók þétt utan um mig.
- Ég get örugglega tekið stúdentinn heima. Sko seinna, sagði ég og starði ofan í grátt malbikið.
- Við þurfum víst báðar að læra þýsku.
- Hún hermdi eftir gervilegu brosi og rödd skólustjórans og við sprungum báðar úr hlátri. Það var yndislegt að hlæja með mömmu og við hlógum í raun asnalega lengi að þessu. Það var sorglega langt síðan við höfðum hlegið saman, bara við tvær.
- Við stóðum á skólalóðinni í góða stund. Þá tók ég eftir skeggjuðum manni í rauðum buxum sem leiddi hjólið sitt rólega fram hjá og horfði góðlega á okkur, alveg eins og pabbi hefði gert. Ég brosti til hans. Hann bauð góðan daginn með geislandi brosi.
- *Guten Tag*, svaraði ég.
- Ertu nyr nemandi herna?
- Já, líklega, sagði ég og skipti yfir á ensku.
- Heinz-Otto heiti ég og kenni sögu herna við skólann.
- Hann rétti mömmu höndina.
- Ólöf, sagði mamma ögn feimin. — Við erum nýflutt hingað frá Íslandi.

- Ó, Vigdís Finnbogadóttir, fyrsti kvenforsetinn í öllum heiminum, sagði hann og ljómaði allur.
- Já, það passar.
- Og þú heitir? spurði hann á mjög skýrri þýsku og horfði á mig.
- Ég heiti Hrafnhildur.
- Mamma brosti breitt.
- Fallett nafn! Innilega velkomin, Hrafnhildur, sagði hann og vandaði sig við að bera nafn mitt fram. — Ég á örugglega eftir að kenna þér.
- Þegar Heinz-Otto stökk upp á hjólið og veifaði okkur glaðlega gátum við ekki annað en veifað brosandi á móti.
- Greinilega almennilegur maður, sagði mamma. — Og myndarlegur.
- Já, svona eins og pabbi, sagði ég.
- Mamma hikaði en sagði svo:
- Það er alveg rétt hjá þér. Ég skil vel að þú saknir hans, þú ættir kannski að heyra í honum í kvöld.
- Á leiðinni heim hugsaði ég um skólann sem átti að byrja eftir viku. Ætti ég eftir að eignast einhverja vini eða yrði ég einmana í allan vetur?